

Ályktun haustþings SSA haldið í fjarfundi þann 9. október 2020

Haustþing SSA, haldið í fjarfundi þann 9. október 2020 ítrekar mikilvægi þess að Alþingi og ríkisstjórn standi við bakið á sveitarfélögunum á þessum víðsjárverðu tímum.

Mikilvægt er að sameinast um þau brýnu uppbyggingar- og framfaraverkefni sem ályktað hefur verið um undanfarin ár af hálfu SSA* og blása þannig til sóknar fyrir íslenskt þjóðarbú.

Haustþingið kallar eftir samstöðu þings og þjóðar að nýta þau tækifæri sem eru til staðar um leið og hlúð er að þeim sem verða fyrir áföllum af völdum Covid19.

[*Ályktanir SSA frá haustþingi á Borgarfirði eystri 9.-10. október 2019.](#)

